

Leikskólar Kópavogs – Þróunarverkefni

Sjálfbærni og vísindi 2014 -2015

Lokaskýrsla



Grænatún á grænni grein

Sólveig María Kjartansdóttir

Þórunn Jóhannsdóttir

# Grænatún á grænni grein

Á skólaárinu 2013 -2014 fengum við áhuga á að fara að endurnýta meira af því sem kemur inn í skólann og að verða umhverfisvænni leikskóli en við höfum verið. Í upphafi var hugmyndin að gerast Grænfánaleikskóli og fengum við Gerði Magnúsdóttur frá Landvernd til okkar með kynningu á Grænfánanum. Eftir það var ákveðið að fara að vinna með umhverfismennt og sjálfbærni án þess að fara út í þá vinnu sem felst í að fá Grænfánann. Í byrjun júní 2014 bauðst okkur að taka þátt í verkefninu *Sjálfbærni og vísindi* ásamt öllum leikskólum í Kópavogi. Fannst okkur það tilvalinn vettvangur til að innleiða „grænni“ starfsemi í leikskólann.

Ákveðið var að allir myndu taka þátt í verkefninu, bæði börn og starfsfólk. Í skólanum eru 65 börn á aldrinum 1 – 5 ára og í vetur störfuðu 24 starfsmenn við skólann.

Í upphafi skólaárs var verkefnið kynnt á starfsmannafundi og einnig á foreldrafundi í byrjun október 2014. Við byrjuðum á því að kaupa flokkunartunnur til að flokka pappír, gler, plast og ál. Jafnframt fengum við tunnur til að flokka lífrænan úrgang. Pappír og lífrænn úrgangur er flokkaður inni á deildum og í eldhúsi. Gler, plast og ál flokkunartunnur eru í sameiginlegu rými.



Allur pappír sem fellur til í Grænatúni er annað hvort settur í pappírstunnuna í ruslageymslunni eða að börnin og starfsfólk fara með hann í næsta grenndargám.



Í vetur höfum við einnig notað pappír sem fellur til í ýmis konar verkefnavinnu með börnunum.



Við ákváðum að taka út allar pappírspurrkur í húsinu og nota margnota taustykki og handklæði. Pappakassar sem mjólkín kemur í hafa verið nýttir sem efniviður til að byggja úr.





Einnig höfum við notað mjólkurkassana til að senda föndur heim með börnunum. Þá höfum við notað plastpokana, sem eru inni í mjólkurkössunum sem rassapotur í snjónum í vetur.

Við reynum að nota sem minnst af plastpokum t.d. þegar senda þarf blaut föt heim þá notum við pokana utan af bleiunum eða sundpoka sem við höfum beðið foreldra um að hafa í körfum barnanna.

Í vetur höfum við meðvitað minnkað ljósanotkun og settum miða við ljósrofana til að minna okkur á að slökkva ljósina í þeim rýmum sem við erum ekki að nota.

Í byrjun verkefnisins lögðum við mikla áherslu á að starfsfólk tæki mikið af myndum fyrir skráningu. Rætt var við börnin um tilgang verkefnisins til að gera þau meðvitaðri og virkari í sjálfbærni og umhverfismennt.



Börnin eru orðin mjög meðvituð um í hvaða tunnur ruslið má fara. Þau vita m.a. að lífrænn úrgangur fer í sérstaka tunnu úti í skúr og að pappír má ekki fara saman við annað rusl því við förum með hann í grenndargám.



Mikið hefur áunnist í vetur hvað varðar flokkun og almenna umhverfismennt. Bæði börn og starfsfólk hafa tekið virkan þátt í verkefninu. Best hefur gengið að fá starfsfólk til að flokka pappír og lífrænan úrgang. Alltaf eru einhverjir sem eru meira drífandi en aðrir. Fyrir suma tekur það einfaldlega lengri tíma en einn vetur til að verða „grænn“ í hugsun. Þrátt fyrir það hafa allir verið jákvæðir og tekið verkefninu fagnandi.

Það hefur verið mjög skemmtilegt að vinna að þessu verkefni í vetur. Ekki síst að hitta starfsfólk af öðrum leikskólum og heyra hvað verið er að gera í öðrum skólum. Miðla hugmyndum og fá aðrar sem nýtast í okkar starfi.

Það er von okkar sem höfum haldið utan um þetta verkefni hér í Grænatúni að vinnan í vetur sé aðeins upphafið af áframhaldandi vinnu í umhverfismennt. Í samfélaginu í dag er í raun ekkert annað í boði en að fara að huga betur að náttúrunni og umhverfinu. Við vonum því að vinnan með umhverfismennt í leikskólanum smitist inn á heimili starfsfólks og barnanna. Einnig vonumst við til að sjálfbærni og umhverfismennt verði áfram fyrirferðamikil í allri starfsemi Grænatúns.

Kópavogur, 19. maí 2015

---

Sólveig María Kjartansdóttir

---

Þórunn Jóhannsdóttir